

Skýrsla

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd svæðisbundinnar flutningsjöfnunar á árinu 2017, sbr. 9. gr. laga um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.

Í febrúar 2017 hófst vinna við umsóknarferil flutningsjöfnunarstyrkja vegna ársins 2016 samkvæmt lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun. Er þetta er í fimmta sinn sem slíkir styrkir eru veittir. Byggðastofnun hafði umsjón með umsóknarferlinu. Í því felst að auglýsa eftir umsóknum, taka á móti þeim og greina.

Opnað var fyrir rafrænar umsóknir 1. mars 2017, en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Samtals bárust 66 umsóknir frá 65 lögaðilum en fyrirtækjum með deildarskipta starfsemi eða starfsemi á fleiri en einu svæði var gefinn kostur á að sækja um fyrir hverja einingu.

Heildarfjárhæð styrkja nam um 136,2 m.kr. samanborið við um 143,6 m.kr. árið 2016. Fjárveiting hvors árs fyrir sig samkvæmt fjárlögum nam 175 m.kr.


Alls voru 65 umsóknir samþykktar en einni var synjað. Hlutfall styrkja vegna framleiðslu á Norðurlandi eystra var 53,4% og 48,2% voru vegna framleiðslu fiskafurða. Fjárhæð 10 hæstu styrkjanna nam samtals 67.576.313 kr. Þar sem framleiðsla fiskafurða var 38,34% en 62,6% var vegna framleiðslu á Norðurlandi eystra.

Hlutfallslega var mestur munur á greiddum styrkjum milli ára á Vesturlandi þar sem greiddur styrkur var 56,6% hærri en árið áður. Austfirðir, Suðurland og Suðurnes hlutu ekki styrk í fyrra en fengi þau svæði styrk nú. Ef fjárhæðir eru bornar saman þá er einnig mestur munur milli ára á Vesturlandi eða aukning sem nemur 1,7 m.kr.

Á næsta ári er áætlað að greiddir styrkir nemi um 142 m.kr. að meðtöldum vikmörkum upp á 5 m.kr.


Af hálfu Byggðastofnunar var farið í heimsóknir til nokkurra umsækjenda. Rætt var um fyrirkomulag styrkjanna auk þess sem farið var yfir bókhaldsgögn. Áfallinn kostnaður Byggðastofnunar vegna umsýslu umsókna fyrir árið 2016 nam 2.863.717 kr. Ekki er inni í þeirri fjárhæð frágangur á greinargerð og undirbúningur fyrir næsta ár. Fjársýsla ríkisins annaðist útgreiðslu styrkja.

Á mynd 1 má sjá skiptingu umsókna niður á framleiðslusvæði umsækjenda. Frá því styrkveitingar hófust hafa flestar umsóknir ávallt borist frá Norðurlandi eystra eða rúmlega helmingur nú.



Mynd 1

Á mynd 2 má sjá skiptingu umsókna niður á framleiðslustarfsemi. Líkt og áður eru fiskafurðir áberandi stærsta framleiðslugreinin eða 53% af heildarfjölda umsókna.




Mynd 2

Afgreiðsla umsókna


Samþykktar voru 65 umsóknir til 64 lögaðila en einni umsókn var synjað. Ástæða synjunar var að viðkomandi uppfyllti ekki grunnskilyrði um styrk. Heildarfjárhæð umsókna nam 161.926.860 kr. en samþykktar styrkveitingar námu 136.236.998 kr. samanborið við 143.614.290 kr. árið 2016.

Á mynd 3 má sjá sundurliðun á greiddum styrkjum niður á framleiðslusvæði.




Mynd 3

Á mynd 4 má sjá sundurliðun á greiddum styrkjum niður á framleiðslustarfsemi.




Mynd 4

Tíu hæstu styrkirnir eru 50% af fjárhæð greiddra styrkja. Í þeim tölum er miðað við deildarskiptingu umsókna. Á mynd 5 má sjá í hvaða framleiðslustarfsemi tíu hæstu styrkirnir eru veittir.



Mynd 5


Tíu hæstu styrkirnir, miðað við framleiðslustaði, skipast á 3 landssvæði, Norðurland eystra, Norðurland vestra og Vestfirði. Sjá má skiptinguna á mynd 6. Sömu svæðin voru með hæstu styrkina í ár eins og í fyrra og skiptingin svipuð á milli svæða.



Mynd 6


Svæðisskipting umsókna

Landinu er skipt upp í svæði 1, svæði 2 og höfuðborgarsvæðið. Aðeins fyrirtæki á svæðum 1 og 2 geta sótt um styrk. Þeir sem eru á svæði 1 geta sótt um 10% endurgreiðslu á flutningskostnaði af flutningi umfram 245 km. Á svæði 2 er hægt að sækja um 10% endurgreiðslu á flutningskostnaði af flutningi sem er 245-390 km en 20% ef farið er lengra en 390 km. Nánari skilyrði um styrkhæfan flutning má finna í reglugerð 67/2012 um svæðisbundna flutningsjöfnun með síðari breytingum. Á mynd 7 má sjá hvernig landinu er skipt upp.




Mynd 7

Á mynd 8 má sjá hvernig styrkirnir skiptust á milli svæða 1 og 2.



Mynd 8

Ef við skoðum nánar svæði 2 á mynd 9 þá sjáum við að umsækjendur eru aðallega að flytja lengra en 390 km og hljóta því 20% styrk.




Mynd 9

Samanburður milli ára

Árið 2017 var 133.236.998 kr. úthlutað á móti 143.614.290 kr. árið 2016 en sótt var um lægri fjárhæð það ár. Einnig fóru fjórir lögaðilar upp í þriggja ára hámark en hámarksstyrkur þriggja ára nemur 200.000 EUR. Vegna styrkingar krónunnar lækkaði sú tala verulega á milli ára.


Fjöldi umsókna 2017 var 66 á móti 65 árið áður. Fjöldi umsækjenda var 65 árið 2017 en 64 árið áður.

Á mynd 10 má sjá samanburð greiddra styrkja á milli ára, skipt niður á framleiðslusvæðin.



Mynd 10

Sjá má að Norðurland eystra hefur frá upphafi fengið mestan styrk og þar á eftir koma Vestfirðir og Norðurland vestra. Á mynd 11 má sjá sömu upplýsingar, flokkaðar eftir framleiðslustarfsemi.



Mynd 11

Sjá má að röðunin er með sama hætti öll árin þ.e. fyrirtæki í framleiðslu fiskafurða fá mest, þar á eftir eru kjötafurðir og iðnaðarvörur.

Mögulegar breytingar


Ákveðnir þættir hafa orðið til þess að styrkir til jöfnunar flutningskostnaðar hjá framleiðslufyrirtækjum hafa verið lægri en gert var ráð fyrir í upphafi. Má þar aðallega nefna aukna strandflutninga sem gera það að verkum að mörg fyrirtæki sem geta nýtt sér slíka flutninga eru styttra en 245 km frá næstu útflutningshöfn. Er þá grunnforsenda fyrir styrkveitingu ekki lengur til staðar. Því er ákveðið svigrúm til að auka styrki til þeirra sem eftir sitja og geta ekki nýtt sér þennan möguleika.

Bygðastofnun hefur skoðað nokkrar mögulegar breytingar á kerfinu sem leitt gætu til betri nýtingar þessarar fjárveitingar: hækkun á styrkhlutfalli, stytting lágmarksvegalengda og fjölgun styrkhæfra atvinnugreina.


a) Hækkun á styrkhlutfalli

Á myndum 12 og 13 eru sýnd áhrif þess ef styrkir á svæði 1 hefðu verið hækkaðir úr 10% í annars vegar 15% og hins vegar 20% og á svæði 2 úr 20% í annars vegar 30% og hins vegar 40%. Eins og sjá má hefðu fjárveitingar umræddra ára varla dugað fyrir hækkun hlutfalla í 15% og 20% og alls ekki ef hlutföll hefðu verið hækkuð í 20% og 40%.

Til að fjárheimildir myndu duga fyrir hækkun á núverandi styrkjum um eitt þrep þyrfti líklega að hækka þær um a.m.k. 20 m.kr. á ári. Stór hluti styrkja fer til sjávarútvegs stærstu atvinnugreinarinnar á sviði framleiðslu og myndi hækkunin styðja enn frekar við áframhaldandi rekstur slíkra fyrirtækja.



Mynd 12



Mynd 13

b) Stytting lágmarksvegalengda

Grunnforsenda þess að geta sótt um styrk er að hálfunnin eða fullunnin vara sé flutt lengra en 245 km á markað eða að útflutningshöfn. Ef þessi vegalengd væri styttnið í 150 km yrðu Húnavatnssýslur, Búðardalur og þéttbýliskjarnar á Snæfellsnesi styrkhæf svæði ef miðað er við Höfuðborgarsvæðið, en þar er stærsti markaðurinn. Svæðið frá Skógum og austur fyrir myndi bætast við auk þess sem Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur yrðu þá skilgreindir sem styrkhæf svæði.

Ekki liggur nánar fyrir hvað slík breyting myndi hafa í för með sér en gera má ráð fyrir því að fleiri fyrirtæki myndu sækja um styrk auk þess sem styrkveitingar til núverandi styrkþega myndu hækka.

c) Fjölgun styrkhæfra atvinnugreina

Styrkir til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar eru afmarkaðir við þau fyrirtæki sem stunda framleiðslu og eru skráð í C-bálk ÍSAT atvinnugreinaflokkunarinnar. Til eru atvinnugreinar sem falla undir landbúnað þar sem ræktun og þökkun vörunnar í söluhæfar umbúðir fer fram á sama stað. Má þá nefna garðyrkjubændur sem rækta kál og annað grænmeti, sem og blóm og ber, og sem snyrta og pakka í söluumbúðir. Í raun fullvinna þeir vöru sína þannig að hægt er að setja hana beint í verslanir.

Ef bæta ætti grænmetisbændum við þyrfti að greina hversu margir þeir eru, hvar þeir eru staðsettir og hvar markaðurinn þeirra er. Einnig þyrfti að skoða hversu umfangsmikill reksturinn er til að meta hvort hægt sé að bæta þeim við. Loks þyrfti að meta hvort slíkar styrkveitingar samræmdust reglum EES.